

75 numið útsvörin úr gildi, af því að þau komi í bága við lögin, samkvæmt reglum þeim, 27. júní. sem settar eru í hinum íslenzku sveitarstjórnarlögum, til varnar gegn berlega ólöglegum ályktunum af hálfu hinna lægri sveitamálanefnda.

Til þess nú, að svo miklu leyti sem unnt er, að fyrirbyggja það, að þessi ákvörðun, sem er mjög óákveðið orðuð, verði vanbrúkuð til ótilhlýðilegra útsvars-álagna, og þar sem hægt er að sjá það fyrir, að kærur yfir ranglátum útsvörum, samkvæmt ákvörðun þessari muni koma fram einkum í fyrstu, skal jeg hjer með þjónustusamlega skora á yður að brýna það þóknanlega fyrir öllum sýslumönnum og amtmönnum, að gefa nákvæmar gætur að væntanlegum kærum frá aðkomandi fiskimönnum yfir því, hvernig sveitarstjórnir beiti heimild þeirri til að leggja útsvar á, sem hjer er veitt, og sömuleiðis, ef til þarf að taka, að neyta valds þess, sem þeim er veitt í 27., 36. og 37. gr. sveitarstjórnarlaganna 4. maí 1872, gegn ólöglegum útsvars-álögum, ef þær koma fyrir.

76 Brjef ráðgjafans fyrir Ísland til landshöfðinga um að umsjón og fjárhald 5. júlí. Ingjaldshólskirkju skuli fengið í hendur hlutaðeigandi söfnuði.—Samkvæmt tillögum yðar, herra landshöfðingi, í þóknanlegu brjefi 9. f. m., skal yður hjer með, eptir að söfnuðurinn í Ingjaldshólssókn í Nesþingaprestakalli hefur á þann hátt sem fyrirskipað er í lögum nr. 13., 12. maí 1882, afráðið að taka að sjer umsjón og fjárhald Ingjaldshólskirkju með skilyrðum þeim, sem ákveðin eru í lögum nr. 22 4. nóvember f. á., og eptir að þessi ályktun safnaðarins er samþykkt á hjeradsfundi og afbiskupi—veittur myndugleiki til, samkvæmt síðarnefndum lögum, að selja umsjón og fjárhald nefndrar kirkju í hendur hlutaðeigandi söfnuði og láta greiða honum 3000 kr. árlag það, sem kirkjunni á að fylgja.

77 Brjef landshöfðingja til póstmeistarans í Reykjavík um þóknun fyrir fund 19. júlí. og skil á póstsendingum. — Í þóknanlegu brjefi, dags. 14. p. m., hafið þjer, herra póstmeistari, lagt það til að Kristjáni Þorsteinssyni vinnumanni á Sauðafelli í Dalasýslu verði veitt hæfleg þóknun, svo sem 50 kr., úr póstsjóði, fyrir að hafa fundið og skilað viðkomandi póstaðgreiðslumanni póstpoka einum frá Reykjavík til póstaðgreiðslunnar í Hjarðarholti í Dölum, innihaldandi meðal annars 2 peningabrjef, annað með 25 kr. í, en hitt með 901 kr, 59 a. í, allt í seðlum, að undantekinni 1 kr. 59 a., en póstpoki þessi hafði verið í kofforti, er pósturinn milli Reykjavíkjur og Hjarðarholts missti á fyrstu póstferð sinni hjeðan í ár af hesti fyrir slys í svo kallaða Austurá.

Fyrir því undanfelli jeg eigi þjónustusamlega að tjá yður, herra póstmeistari, til þóknanlegrar leiðbeiningar og frekari ráðstöfunar, að jeg samþykki hjer með að nefndum Kristjáni Þorsteinssyni verði greidd 50 kr. þóknun úr póstsjóði fyrir fund og skil á ofanumgetnum póstpoka og má færa póstsjóði upphæð þessa til útgjalda í næsta póstreikningi.

78 Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir norður og austuramtinu um ógild- 30. júlí. ing á reglum um fjársölu á mörkuðum í Húnavatnssýslu. — Með þóknanlegu brjefi, dags. 4. f. m., hafið þjer, herra amtmáður, skýrt frá því, að sýslunefndin í Húnavatnssýslu hafi á fundi sínum í síðastliðnum febrúarmánuði samið og samþykkt reglur fyrir